


# SIÐAREGLUR

# ICOM

NÁMSKEIÐSEFNI



ICOM Alþjóðaráð  
safna  
Íslandsdeild

Hönnunarsafn Íslands, Listasafn  
Árnesinga, Safnahúsið á Húsavík,  
Tónlistarsafn Íslands, Þjóðminjasafn  
Íslands og Ragnheiður Jósúadóttir  
fá þakkir fyrir að leggja útgáfunni  
til myndefni.

Höfundar listaverkanna á bls. 4 og 7 eru  
Davíð Örn Halldórsson, Stefán Jónsson,  
Baldur Geir Bragason, Sigurður  
Árni Sigurðsson, Ragnheiður Ösp  
Sigurðardóttir og Svava Björnsdóttir.

**Þýðing og staðfærsla**  
Ágústa Kristófersdóttir og  
stjórn Íslandsdeildar ICOM

**Yfirlestur**

Mörður Árnason

**Hönnun**

Ármann Agnarsson

Elsa Jónsdóttir

**Prentun**

Prentmet

Önnur prentun 2021

**Útgefandi**

Íslandsdeild ICOM, 2015

[www.icom.is](http://www.icom.is)

[icom@icom.is](mailto:icom@icom.is)

© Íslandsdeild ICOM  
og höfundar myndefnis

Þakkir fær



# EFNI

<b>FORMÁLI</b>	5	<b>DÆMISÖGUR – MUNIRNIR</b>	
<b>HVAÐ ER ICOM?</b>	6	Aðföng	21
<b>SIÐAREGLUR – TIL HVERS?</b>	6	Verðmat	22
<b>SIÐAREGLUR ICOM –</b>		Einkasöfnun	23
<b>TILGANGUR, UPPRUNI OG INNTAK</b>	8	Ábyrgð á munum	24
<b>NÁMSKEIÐ – VINNUÁÆTLUN</b>	9	<b>DÆMISÖGUR – STARFSMENN</b>	
 		Trúnaður	26
<b>DÆMISÖGUR – MIÐLUN OG SÝNINGAR</b>		Ráðningar	27
Miðlun og varðveisla	11	Rannsóknir	28
Miðlun og markmið	12	Útlit	30
Ábyrgð gagnvart eigendum	13	<b>DÆMISÖGUR – SAFNMENN Á SAFNINU SÍNU</b>	
Viðkvæmt viðfangsefni	14	Markmið og áætlanir	31
 		Vinafélagið	32
<b>DÆMISÖGUR – SAFNKOSTUR OG SÖFNUN</b>		Hlunnindi	33
Söfnun	16	Safnbúðin	34
Grisjun	17		
Flutningur landa á milli	18		
Sala	20		



Siðareglur ICOM eru mikilvægur grunnur að öllu faglegu safnastarfi, nokkuð sem safnmenn þurfa að líta til í störfum sínum. Vísað er til reglnanna í löggjöf um safnamál og er skilningur og góð þekking á þeim öllum safnmönnum afar mikilvæg. Það er hlutverk landsdeilda ICOM að standa fyrir kynningu á siðareglum Alþjóðaráðsins og efla skilning safnmanna á þeim gildum og hugsjónum sem reglurnar endurspeglar.

Á undanförunum árum hefur Íslandsdeild ICOM staðið fyrir námskeiðum um siðareglurnar og eru þau byggð á aðferðafræði sem mótuð var hjá landsdeild ICOM í Noregi. Norrænu landsdeildirnar hafa síðustu árin verið virkar í vinnu við kynningu siðareglanna og meðal annars haldið námskeið fyrir félagasína frá ýmsum löndum í tengslum við aðalfundi Alþjóðaráðsins. Árið 2013 gaf landsdeild ICOM í Svíþjóð út vinnubækling fyrir sína félagsmenn og er útgáfa þessi byggð á honum, en ýmis dæmi þó stað- og stílfærð.

Íslandsdeild ICOM þakkar námsbraut í safnafræðum við Háskóla Íslands fyrir samstarfið við vinnslu þessa efnis og Safnaráði fyrir stuðning við útgáfuna. Það er von okkar að þetta efni reynist félagsmönnum ICOM og öðrum safnmönnum gagnlegt og jafnframt ánægjulegt.

**Ólöf K. Sigurðardóttir**  
formaður Íslandsdeildar ICOM 2009–2015

## HVAÐ ER ICOM?

ICOM (Alþjóðaráð safna, e. International Council of Museums) eru alþjóðleg samtök sem starfa í tengslum við UNESCO. Í samtökunum eru bæði söfn og safnmenn. Tilgangur ICOM er að þróa og bæta söfn í heiminum með því að skapa fagleg viðmið og siðareglur fyrir safnastarfsemi. Samtökin stuðla að þjálfun og þekkingarsköpun og beita sér að auki fyrir framgangi hagsmunamála sem varða söfn og menningararf á heimsvísu með víðtæku samstarfi og alþjóðlegu tengslaneti.

Stofnanir og einstaklingar í yfir 120 ríkjum eiga aðild að Alþjóðaráði safna. Vinnan fer fyrst og fremst fram í fagnefndum sem beita sér á afmörkuðum samstarfssviðum þvert á landamæri. Aðild að ICOM felur í sér að hver og einn félagsmaður eða aðildarstofnun skuldbindur sig til að fara að siðareglum ráðsins.

Íslandsdeild ICOM er landsnefnd innan vébanda Alþjóðaráðsins. Með aðild að deildinni gefst tækifæri til að tengjast safnmönnum um allan heim, læra af þeim og miðla til þeirra þekkingu. Félagsmenn hafa tækifæri til að sækja námskeið og ráðstefnur, eiga kost á ferðastyrkjum til að fara á alþjóðlega fundi og fá síðast en ekki síst ICOM-skirteinið sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að flestum söfnum um heimsbyggðina. Upplýsingar um aðild og starf ICOM má finna á heimasíðu Íslandsdeildarinnar: [icom.is/](http://icom.is/) [icom.museum](http://icom.museum)

## SIÐAREGLUR TIL HVERS?

Allir starfsmenn á safni standa einhvern tíma frammi fyrir siðferðislegum spurningum. Hér eru nokkur dæmi:

- Hvaða hlutverki á safnið að gegna í samfélaginu?
- Hvaða kröfur er hægt að gera til eiganda safnsins?
- Hvernig ber að fara með safnmuni frá öðrum menningar-samfélögum, sem jafnvel var aflað með vafasömum hætti?
- Hvernig og á hvaða forsendum má grisja safnkostinn?
- Má selja muni úr safnkostinum, og þá við hvaða aðstæður?
- Hvað er átt við með faglegri ábyrgð, til dæmis við ráðningar starfsmanna?
- Hvernig ber safnmanni að koma fram í starfi?
- Hvernig á að takast á við hagsmunaárekstra innan safnsins?

Það er styrkur að hafa siðareglur sem um er alþjóðleg samstaða meðal safna og safnmanna. Slíkar reglur stuðla að almennri safnavitund í heiminum og styrkja þannig sérstakt starfs- og þekkingarumhverfi safna þar sem varðveisla og miðlun menningararfs eru meginverkefni. Sameiginlegar siðareglur auðvelda safnmönnum að sameina kraftana. Á tímum aukins samstarfs milli landa og safna verður stöðugt mikilvægara að geta byggt á sameiginlegum gildum. Í daglegu starfi safnmanna er einnig mikilvægt að halda vakandi vitund um siðferðisleg efni. Alþjóðlegar reglur um safnastarf nýtast safnmönnum við að móta siðaramma á þessu samfélagssviði þótt lagaumhverfi sé ólíkt frá einu ríki til annars.



# SIÐAREGLUR ICOM

## TILGANGUR, UPPRUNI OG INNTAK

Siðareglur ICOM eru lágmarksviðmið um vinnubrögð og framgöngu í safnastarfi. Þau skulu faglegir starfsmenn safna um heimsbyggðina tileinka sér. Þar kemur einnig fram hvers almenningur getur vænst af starfsmönnum safna. Siðareglurnar eru hornsteinn í starfsemi Alþjóðaráðsins. Þær voru samþykktar árið 1986 eftir margra ára undirbúning. Reglurnar eru uppfærðar reglulega, síðast á aðalþingi ráðsins í Seoul árið 2004.

**1. kafli** Um grundvallarverkefni safna. Söfn varðveita, túlka og kynna náttúrulegan og menningarlegan arf mannkyns.

**2. kafli** Um samfélagslega ábyrgð safna á safneign sinni. Söfn sem varðveita safneign geyma hana í nafni samfélagsins alls og til að styrkja hag þess.

**3. kafli** Um skyldur safna og ábyrgð þeirra við að túlka safnkost sinn og gera hann aðgengilegan ásamt þeim þekkingargrunni sem þau varðveita. Söfn geyma frumgögnin sem þarf til þekkingarmyndunar og þekkingarþróunar.

**4. kafli** Um hlutverk safna sem menntastofnana með það ætlunarverk að ná til sem flestra til náms og samstarfs. Söfn skapa tækifæri til að njóta náttúruarfleifðar og menningararfleifðar, skilja hana og kynna.

**5. kafli** Um mörk milli safna og annarra aðila sem taka þátt í safnastarfi. Í söfnum felst tækifæri til annarrar almenningsþjónustu.

**6. kafli** Um sérstaka ábyrgð safna gagnvart þeim hópum nær og fjær sem tengjast safnkostinum og uppruna hans. Söfn eiga náð samstarf við samfélagið sem safneign þeirra er sprottin úr og við samfélagið sem þau sjálf starfa í.

**7. kafli** Um lagalega stöðu safna og stöðu þeirra samkvæmt alþjóðalöggjöf.

**8. kafli** Um faglegt hlutverk safnmanna. Söfn starfa á faglegan hátt.

# NÁMSKEIÐ

## VINNUÁÆTLUN

Þátttakendur ættu að vera 15–50. Þátttakendur geta verið allir frá sama safni eða komið af ólíkum söfnum. Fyrirfram þarf að skipuleggja með umsjónarmönnum hvernig skipt er í hópa, til dæmis þannig að samsvarandi starfsmannahópar á einu eða fleiri söfnum séu saman.

Námskeiðið hefst með kynningu á siðareglunum, og er ætlast til þess að þátttakendur hafi lesið þær áður.

Meginhluti námskeiðsins felst í umræðum um dæmisögurnar, fyrst í hópum, síðan allir saman. Í bæklingnum eru 20 dæmisögur og skiptast í þessa efnisflokkka:

- Miðlun og sýningar
- Safnkostur og söfnun
- Munirnir
- Starfsmenn
- Safnmenn á safninu sínu

### Fyrirkomulag

1. Hafið samband við Íslandsdeild ICOM og pantið námskeið: [icom@icom.is](mailto:icom@icom.is)
2. Námskeiðið er skipulagt með umsjónarmanni, fjöldi hópa ákveðinn og athugað hvaða flokkar og dæmisögur eru áhugaverðastar fyrir þátttakendur.

Hér er tillaga um dagskrá námskeiðs sem tekur um það bil þrjár klukkustundir:

### 1. Um 1 klukkutími

- Almenn kynning á siðareglunum og gildi þeirra við úrlausnarefni í daglegu starfi.
- Þátttakendur skiptast í hópa sem hver fjallar um einn efnisflokk siðareglanna.

### 2. Um 1 klukkutími

- Dæmisögurnar ræddar í hópum með siðareglur ICOM til hliðsjónar.
- Hver þátttakandi fær siðareglurnar og hefti með dæmisögum til að fjalla um. Viðfangsefni hópanna miðast við að komið sé inn á ólíka þætti í starfi safna en hóparnir þurfa einnig að geta valið sér dæmisögur til að fjalla um í samræmi við áhugasvið sitt.
- Hópurinn skipar ritara sem skráir athugasemdir um dæmin sem fjallað er um.
- Hægt er að bjóða hressingu á meðan á umræðum stendur.

### 3. Um 1 klukkutími

- Sameiginlegar umræður um niðurstöður hópanna.
- Niðurstöður og mat.

Í samráði við umsjónarmenn námskeiðsins má velja annað fyrirkomulag.



## DÆMISÖGUR MIÐLUN OG SÝNINGAR

### Miðlun og varðveisla

Andrés sýningarstjóri tókst af miklum áhuga á við nýtt verkefni, að breyta heimili hins nýlátna rithöfundar í safn. „Frábært, þetta verður sko ekki þurrt og leiðinlegt, heldur spennandi upplifun og ætti að höfða sérstaklega til unglinga. Maður á að geta fundið fyrir nærveru hennar í húsinu.“

Hann kemur húsgögnum og munum fyrir á áhrifaríkan og lifandi hátt. Mild birta frá skrifborðslampanum umleikur penna og skrifborðsmottu rétt eins og höfundurinn hefði brugðið sér frá. Þá birtist Sigrún forvörður. Hún hallaði undir flatt og sagði við sýningarstjórannganga: „Fyrirgefðu, en þetta gengur ekki. Perustæðið er of viðkvæmt. Þú verður að lýsa þetta með kösturum úr loftinu.“

Andrés brá við þessa athugasemd. „En þá hverfur öll tilfinning fyrir nærveru. Markmiðið var að ná til unga fólksins! Það getur ekki verið að perustæðið sé svona viðkvæmt. Lampinn eyðileggst ekki.“

Sigrún varð svolítið ergileg yfir skilningsleysinu sem vinnu hennar var sýnt. „Sjáðu til. Hlutverk okkar er að varðveita til frambúðar, og þetta eru einu lamparnir sem þessi rithöfundur átti. Þá má ekki eyðileggja. Miðlunin verður að vera í öðru sæti.“

Nú fannst Andrés líka að það væri verið að vega að hæfni hans í starfi og herpti varirnar ósjálfrátt þegar hann sagði: „En til hvers að halda upp á þessa muni ef ekki má nýta þá til miðlunar á neinn áhugaverðan hátt? Miðlunin hlýtur að vera að minnsta kosti jafn-mikilvæg og varðveislan.“

### Athugasemdir

### Miðlun og markmið

Anna safnkennari tók fram stefnumörkunina fyrir Forngripasafnið og las fyrir deildarstjórnann: „Safnið skal efla áhuga barna og unglunga á starfsemi sinni.“

Hún lagði frá sér blaðið og bætti við: „Ég er með hugmynd. Við auglýsum samkeppni í öllum skólum í Stóruvík og látum börnin teikna einn dag í lífi sínu. Svo fyllum við safnið með innsendum myndum. Frábært efni, líka sem heimild, og dregur örugglega að straum af börnum, kannski öll börn og unglunga í bænum.“ Deildarstjórinn reyndi að hafa stjórn á svipbrigðum sínum. Hann vildi ekki virka of gamaldags, en var með hugann við úrvalsmuni safnsins, merkilegt safn íláta frá bronsöld. „En kæra þau sig nokkuð um okkar góðu grunnsýningu?“

Anna brosti umburðarlynd. „Það mikilvægasta er að fá unglungana á staðinn, þannig að þeir læri að þekkja safnið. Þá eru meiri líkur á að þau komi aftur seinna.“

Deildarstjórinn tautaði með sjálfum sér en vissi vel af stefnumörkuninni. „Ég er ekki viss. Við eigum nú að heita Forngripasafn. Hvert er eiginlega hlutverk okkar?“

Anna reyndi að hafa stjórn á sér þegar hún svaraði: „Ef við eigum að reka hér nútímalegt safn og fylgja hlutverki Forngripasafns Stóruvíkur eins og það er skilgreint verðum við að vera opin fyrir breytingum.“

Þau horfðu rannsakandi hvort á annað, hvorugt ánægt með röksemdafærslu hins.

### Athugasemdir

### Ábyrgð gagnvart eigendum

Soffía safnstjóri stundi þungan eftir erfiða upphafslega í nýja starfinu. Blöðin höfðu farið ómildum höndum um sýninguna sem átti að opna daginn eftir. Og í sjónvarpinu höfðu gáfumenn úr menningarelitunni ráðist að verkefninu. En þeir voru líka margir sem studdu sýninguna, hrósuðu safninu fyrir að vera virkt í samfélagi sínu og fara nýjar leiðir til að vekja umræður um brýn málefni.

Sýningin var um kynþáttafordóma í samtímanum og sýndi hvernig flokkar sem byggja á innflytjendahatri hafa fengið vægi í stjórnámálum. Starfsfólkið hafði unnið lengi að undirbúningnum og lagt hart að sér. Soffía hafði þó ekki verið með í undirbúningi og ákvarðanatöku, heldur treyst á hæfni sýningarhópsins og stutt markmiðið með sýningunni. En spurningin var: Hvernig aflaði safnið efnis á sýninguna og hvernig var efnið sett fram? Nokkrir úr starfsmannahópnum höfðu haft beint samband við yfirlýsta kynþáttahatara og fengið upplýsingar frá þeim. Gagnrýnendurnir töldu þetta ósiðlegt og sögðu að sýningin væri nánast áróðursverk. Á fyrirhuguðu málþingi var öfgafullur þjóðernissinni á meðal frummælenda. Þetta hafði líka vakið gagnrýni og töldu sumir að málþingið væri dulbúinn áróður. Soffía hafði fengið nafnlausar hótanir þar sem þess var krafist að safnið hætti við sýninguna. Þetta barst bæjaryfirvöldum til eyrna og þar voru menn farnir að ræða fjárveitingar til safnsins. Hver bar ábyrgðina? Hvað átti hún að gera? – hætta við sýninguna, breyta henni eða láta sem ekkert væri ...?

### Athugasemdir

### Viðkvæmt viðfangsefni

Víkan hafði verið erfið hjá Gunnhildi sýningarstjóra. Einungis nokkrum dögum eftir opnun nýju sýningarinnar, Banamein í bændasamfélagi, barst mótmælalibréfr frá sóknarnefnd Gufudalssóknar. Á sýningunni var fjallað um sjúkdóma og banamein í gamla íslenska bændasamfélaginu. Meðal sýningarmuna voru bein nafngreindra einstaklinga sem grafnir höfðu verið í Gufudalskirkjugarði frá 17. öld og allt fram á þá 19. Sýningin byggðist á beinasafni og munum sem safnið hafði eignast á áttunda áratugnum eftir uppgröft sem farið var í áður en nýja kirkjan reis í Gufudal. Sóknarnefndin mótmælti því að bein sóknarbarna væru nú höfð til sýnis og krafðist þess að beinin yrðu grafín aftur.

Stjórn safnsins hafði lýst yfir að ekki stæði til að gefa eftir gagnvart kröfum um að fjarlægja muni af sýningunni: „Hér er um að ræða mikilvægan þátt í sögu landsins og varpar ljósi á þróun læknávisindanna. Safninu ber skylda til að sýna almenníngi þessa muni.“ En sóknarnefndin sat við sinn keip. „Þetta eru líkamsleifar Gufdælinga, meðal annars forfeðra og formæðra fjölda fólks hér í héraðinu, og þeim verður að sýna fulla virðingu.“

Gunnhildur var lent í erfiðri deilu. Hún dró djúpt andann.

„Dugir ekki að við segjum skilmerkilega frá markmiðinu með sýningunni og hvernig við höfum hugsað þetta og skipulagt? Og að tilgangur sýningarinnar sé jákvæður þegar allt kemur til alls?“

### Athugasemdir





# DÆMISÖGUR

## SAFNKOSTUR OG SÖFNUN

### Söfnun

Guðmundur safnstjóri í handverkssafninu var nýkominn frá Túnis úr sumarfríi. Eftir starfsmannafund sagði hann glaðhlakkalegur: „Þið ættuð að sjá alla frábæru munina sem hægt var að fá þarna á antikmarkaðnum. Og verðið var gott. Á einum stað fann ég ævaforann útsaum sem líkist áttablaðarósinni okkar. Ég keypti nokkra muni fyrir safnið. Þeir voru greinilega ekta og sölumaðurinn gaf mér upprunavottorð með stimpli frá yfirvöldum menningarmála á svæðinu. – Það verður áhugavert að setja þetta á sýningu.“

Fjármálastjórinn var alltaf heldur gagnrýninn og spurði: „En ertu viss um að þeir séu ekta?“

Guðmundi líkaði ekki að dómgreind hans væri dregin í efa: „Það bendir allt til þess. Stimpillinn á upprunavottorðinu er mjög trúverðugur. Ef við gerum óraunhæfar kröfur – þá eignumst við varla nokkurn tímann nýja safnmuni, og þá höfum við ekkert að sýna.“

Fjármálastjórinn hugsaði sig um dágóða stund, sendi Guðmundi afsakandi bros og sagði: „Já, þá hlýtur þetta að vera í góðu lagi.“

### Athugasemdir

### Grisjun

Geymslurými safnsins var ekki lengur fullnægjandi og það var dýrt að koma upp nýju geymsluhúsnæði. Formaður safnstjórnar, Margrét, sem var líka bæjarfulltrúi, sagði við Matthías safnstjóra: „Safnið verður að fá meira geymslupláss. Þið verðið að grisja, til dæmis í þessu skósmíðasafni hjá ykkur. Það getur ekki verið þörf á að eiga alla þessa hluti í mörgum eintökum.“ Matthías hryllti við, grisjun er alltaf svo erfið. En það var klárt að pláss fyrir ný aðföng var búið. Hann svaraði: „Fyrirrennari minn í starfi safnaði þessum munum og ætlaði sér alltaf að rannsaka þá. Þeir hafa vissulega mikið rannsóknargildi.“ Margrét dró djúpt andann, og þóttu rökin ekki góð. Safnstjórar eru alltaf svo tregir að grisja. Hún svaraði: „Sigurður, hann var nú svolítill sérvitringur. Það kann að vera að þetta sé merkilegur efniviður en hann skráði þetta ekki einu sinni almennilega. Og þið sýnið þetta heldur aldrei allt saman.“

Það er rétt, hugsaði Matthías og andvarpaði. Hann gerði sér grein fyrir því að í safneigninni væri ákveðinn fortíðarvandi. – Það er líklega best að byrja að grisja. Við fáum nánast allt okkar fjármagn frá sveitarfélaginu, ég verð að finna lausn sem þeir geta sætt sig við.

### Athugasemdir

### Flutningur landa á milli

Þjóðfræðisafnið hafði sett upp umfangsmikla nýja sýningu um hvalveiðar á Austurlandi og í Færeyjum. Safnstjórinn, Inga Ólöf, hélt hástemmda ræðu við opnunina og sagði spennandi sögu af því hvernig landkönnuðinum Vilmundi Steinssyni tókst fyrir rúmum hundrað árum við erfiðar aðstæður að koma færeysku mununum undan ströngum fulltrúum danska yfirvaldsins. Afkomendur Vilmundar höfðu nú gefið safninu munina. Færeyska ræðismanninum var að sjálfsögðu boðið á opnunina, en saga Ingu Ólafar kom honum úr jafnvægi.

„Þessir munir eru að sjálfsögðu okkar eign,“ sagði hann ákveðinn í móttökunni um kvöldið. „Ég verð að tala við menningarmálaráðherrann minn.“ Það gerði hann, og ráðherrann hringdi síðan í starfsbróður sinn í Reykjavík. Samband landanna var ríkisstjórninni mikilvægt og hún vildi umfram allt halda friðinn. Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að skila mununum, og fól verkið Ingu Ólöfu, sem bölvaði nú sögunni sem hún sagði á opnuninni. Hún hafði samband við safnstjórnann í Þórshöfn, en sá var ekki sérlega áhugasamur að fá munina þar sem safnið átti þegar fjöldann allan af samskonar gripum. Við heimsókn í safnið kom einnig í ljós að varðveisluskilyrði þar voru slæm, og geymslurnar óviðunandi. Inga Ólöf klóraði sér í höfðinu í örvæntingu, hún sá fyrir sér reiða ráðherra og diplómatiskar flækjur. Hvern fjárátt hún að gera?

### Athugasemdir



### Sala

Stjórnarformaður sjálfseignarstofnunarinnar og helsti fjárhagslegi bakhjarl safnsins kallaði Elísabetu safnstjóra á sinn fund. Hann var þungur á brún á bak við skrifborðið og sagði að safnið væri í mikilli þörf fyrir fjármagn. Síðustu kjarasamningar hefðu verið kostnaðarsamir og nú væri þakið farið að leka og þarfnaðist viðgerðar. Formaðurinn ýtti gleraugunum upp á ennið og sagði við safnstjórnann: „Safnið verður að losa fjármagn. Ég legg til að þið seljið eitthvað úr safnkostinum. Safnið á til dæmis mörg málverk eftir Maríus Hraunfjörð, sem er þekktur listamaður og ætti að seljast vel. Það skiptir litlu máli fyrir safnið þótt þessum verkum fækkaði aðeins en en gæti skilað miklu peningalega. Þessi málverk eru hvort sem er ekki hluti af grunnsýningunni. Neyðin þekkir engin lög.“

Elísabet hvítnaði við tilhugsunina og sá fyrir sér allar þær umræður sem þetta mundi hrinda af stað. „Og hvar eigum við að selja þetta?“

„Tja,“ svaraði formaðurinn og tók niður gleraugin. „Þið eruð sérfræðingarnir, það er ykkar að ákveða það. Það eru auðvitað til uppboðshús. Við bara verðum að fá fjármagn til að gera við þakið, það er einfaldlega ekki hægt að reka safn í húsi sem lekur. Ég á þá von á skýrslu frá þér eftir þrjár vikur.“

Elísabet gekk út dauf í dálkinn. – Það er augljóst að það verður að gera við þakið, og engir aðrir peningar eru í boði.

### Athugasemdir

## DÆMISÖGUR MUNIRNIR

### Aðföng

Bílasafnið hafði lengi vantað glæsilegan Chevrolet í safnkostinn. Slík bifreið mundi passa vel á sýninguna Bíllinn sem stöðutákn. Skúli safnvörður á munasafninu fann að lokum heppilegt eintak. Frændi hans átti gamlan Letta sem hann var til í að selja safninu. Og verðið var viðráðanlegt. Skúli talaði við forstöðumanninn sem bað hann um að hafa umsjón með kaupunum. Skúli heimsótti frændann og þar var Chevroletinn. Aðeins slitinn en flottur. Happafengur. Frændinn sagðist hafa keypt bílinn í Bandaríkjunum og flutt hann heim. Hann hafði því miður engar upplýsingar um sögu bílsins en þetta var samt mikilvægur gripur menningarsögulega. Og ef safnið vildi ekki kaupa hann ætlaði frændinn að selja hann öðrum og þá gengju þessi menningarverðmæti þeim úr greipum.

Þetta er einstakt tækifæri, hugsaði Skúli með sér. – Maður verður að grípa gæsina þegar hún gefst. Svona tækifæri kemur ekki aftur. Þetta er í rauninni ekkert vandamál og frændi er traustur aðili sem er ekki að hagnast á þessu að neinu ráði. Menningarsögulegi ágóðinn er hins vegar verulegur.

### Athugasemdir

### Verðmat

„Frábært!“ Safnstjórinn Brandur var uppnuminn á starfsmannafundinum. „Áhuginn á safninu og munum þess hefur aukist gríðarlega, við fáum mörg símtöl og aðsóknin eykst og eykst.“

„Já,“ sagði safnkennarinn Kristín hress í bragði. „Allir þessir sjónvarpsþættir um antikmuni og verðmæti þeirra hafa aukið áhugann mikið.“

Brandur horfði yfir starfsmannahópinn og sagði: „Hvernig getum við nýtt þetta safninu til framdráttar?“

Safnvörður munasafns svaraði: „Ég fæ mikið af spurningum um verðmat á munum og reyni að svara þeim eins vel og ég get. Við höfum ekki stundað þetta áður, en tilgangurinn helgar meðalið.“

Brandur lyftist upp í sætinu. „Sérstakur matsdagur á safninu gæti dregið að fullt af fólki. Og fjölgað gestum á menningarsögulegu sýningarnar.“ „Og svo gætum við látið fólk sýna okkur munina sína, við aldursgreinum þá og segjum til um hvort þeir eru ekta eða ekki,“ bætti Kristín við. „Já, gerum þetta endilega,“ sagði Brandur og leit á starfsfólkið sem horfði áhugasamt á móti. „Safnið græðir á þessu ... sem sagt, tilgangurinn helgar meðalið. Stjórnin getur varla haft neitt á móti þessu. Safnið verður auðvitað að vera í takt við tíðarandann svo það staðni ekki.“

### Athugasemdir

### Einkasöfnun

Starfsfólk byggðasafnsins á Austureyri var í boði heima hjá Maríu og Agli sem bæði störfuðu við safnið, hún sem skrifstofustjóri og hann við húsvernd. Þau áttu fallett heimili með nýjum hönnunarverkum innan um gamla gripa víðsvegar að. Margir gestanna spurðu um gripina og gestgjafarnir höfðu gaman af því að segja frá. Gott safn alþýðumuna, jafnvel betra en safnkostur safnsins sjálfs, fannst sumum. Egill sýndi stoltur nýjasta feng þeirra, tvær málaðar viðarkistur. Aðra kistuna hafði hann keypt af safnara sem fyrst hafði boðið hana safninu, og hina hafði hann fengið á góðu verði hjá Vigni forngripasala sem safnið verslaði oft við. Egill hvíslaði, svo aðeins nærstaddir heyrðu, að safnið hefði örugglega viljað eignast kistuna. „Hann er frábær hann Vignir, ég mæli alltaf með honum þegar fólk hringir og spyr hvar sé best að versla.“

### Athugasemdir

### Ábyrgð á munum

Tónlistarsafnið átti mikið og gott safn af fiðlum og orgelum. Í gegnum tíðina höfðu góðir tónlistarmenn fengið lánuð hljóðfæri úr safneigninni til að leika á – með því tók safnið virkan þátt í tónlistarlífi borgarinnar. En svo réðst nýr safnvörður, Eiríkur, til safnsins. Hann bar ábyrgð á safnkostinum og tók fyrir öll útlán á hljóðfærum. „Þetta eru safnmunir og þá lánar maður ekki út í bæ,“ sagði hann.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa, jafnvel frá öðrum söfnum. Safnstjóri Borgarsögusafnsins sagði: „Hver fjárin. Til hvers að safna hljóðfærum ef það má ekki leika á þau?“

Harpa, safnstjóri Tónlistarsafnsins, var eldri en tvævetur í starfi en kom ekki upp orði. Eiríkur svaraði: „Af sömu ástæðu og fólk fær ekki að ganga í fötunum sem þið varðveitið í ykkar safnkosti.“

Safnstjóri Borgarsögusafnsins varð full, sneri sér að kollega sínum hjá Tónlistarsafninu og sagði: „Það heldur hljóðfærunum við að þau séu notuð.“ Eiríki hljóp kapp í kinn og greip fram í: „Heldur þú ekki að hljóðfæri slitni og skemmist jafnmikið af því að vera í notkun og gömlu fötin hjá þér?“ Safnstjóri Borgarsögusafnsins andvarpaði: „Hljóðfæri eru til að leika á þau, það er tilgangur þeirra. Og hér hefur safnið líka samfélagslegt hlutverk.“

Harpa var óhamingjan uppmáluð og vissi ekki hvað hún átti að segja.

### Athugasemdir



# DÆMISÖGUR

## STARFSMENN

### Trúnaður

Tómas safnstjóri var öskuillur. Með dagblaðið á lofti æddi hann inn til Olgeirs gamla deildarstjóra. „Hvað á það eiginlega að þýða að fara í blöðin með ákvörðun mína um að leggja niður sýningarstaðinn í Selvík? Þetta er trúnaðarbrestur!“ Olgeir hafði búist við þessu og sagði eins yfirvegað og hann gat: „Sýningarstaðurinn hefur mikið menningarsögulegt gildi, og það er hlutverk safnsins að gera hann aðgengilegan ...“ Lengra komst hann ekki því Tómas nánast öskraði: „... en við verðum að skera niður annars staðar ef við skerum ekki niður þar. Kannski í þinni deild?! Og að fara í blöðin með málefni safnsins og mínar ákvarðanir – það er bara brot á trúnaði.“

Olgeir andvarpaði, minnugur þeirra menningarsögulegu yfirburða sem hann taldi sig hafa fram yfir stjórnann, sem hafði fengið stöðuna út á próf í viðskiptafræði og stjórnun. Hann reyndi að halda ró sinni þegar hann svaraði: „En það var búið að taka þessa ákvörðun, og það var engin önnur leið. Mitt verkefni, það er að varðveita menningararfinn, og Selvík er mikils virði.“

Tómas reyndi ekki einu sinni að stilla sig: „Ekki á kostnað trúnaðarskyldu þinnar gagnvart safninu. Þú færð áminningu fyrir þetta!“ sagði hann og yfirgaf herbergið með þjósti.

### Athugasemdir

### Ráðningar

Safnstjórinn var að fara á eftirlaun og nú átti að auglýsa eftir eftirmanni hans. Það var einnig ljóst að safnið þurfti nýtt skipurit. Fyrir fundinn með stjórninni sagði starfsmannastjórinn, Helga Lísá, með áherslu: „Við þurfum fyrst og fremst að fá mann sem kann skil á rekstri og stjórnun, sérstaklega af því að við verðum að endurskipuleggja.“

Þórunn, deildarstjóri safnadeildar, hrukkaði ennið: „Já, en við þurfum einstakling sem þekkir til, eða hefur reynslu af safnastarfi, annars snýst endurskipulagningin bara um stjórnsýslu.“ Helga Lísá hallaði sér aftur og sagði stillilega: „Þið hafið reynsluna og þekkinguna, en án góðs stjórnanda í stöðu forstöðumanns virkar safnið ekki.“

Þórunn hallaði sér fram: „Þú leggur áherslu á stjórnunarreynslu, en mér finnst nú mikilvægara að forstöðumaðurinn geti sjálfur greint grunnþættina í starfsemi safnsins og stýrt þeim, ekki síst við endurskipulagningu. Hann verður að vera fagmaður.“

Helga Lísá leit íhugul á Þórunni og sagði að lokum: „Já, en fagmaður á hvaða sviði? Maður sem kann allt vex ekki á trjánum. Og enginn er sjálfkrafa góður stjórnandi vegna þekkingar sinnar á safninu og safnmuninum.“

Þórunn svaraði: „Þetta snýst um hvort það er hægt að vera góður yfirmaður án þess að þekkja til.“ Þær horfðu spenntar hvor á aðra. Starfsmennirnir hefðu þurft að vera einhuga á fundinum með stjórninni.

### Athugasemdir

### Rannsóknir

Ágústa safnvörður á Textílsafninu hafði loksins fengið tíma til að láta draum sinn rætast – að skrifa rannsóknarskýrslu um þetta umfangsmikla og merkilega safn.

„Textílsaga Suðrhéraðs á miðöldum.“ Verkefnið tók mikinn tíma, fleiri ár. Hún hafði einnig orðið að fara í veikindaleyfi í miðri rannsókn. Þegar Ágústa sat við og skrifaði síðustu kaflana hringdi safnstjórinn á safninu í Bryggjuvík og bað um að fá lánaða nokkra lykilmuni á sýningu hjá sér.

„Því miður, það er ekki hægt,“ svaraði Ágústa eftir nokkurt hik. „Það stendur yfir rannsókn á þessu efni.“

Löng þögn. „Nú?“ svaraði forstöðumaður Bryggjuvíkursafnsins. „Hvað verður það lengi?“

„Líklega svona ár í viðbót,“ svaraði Ágústa safnvörður sem hafði nú náð vopnum sínum.

Forstöðumaðurinn þagði lengi, en sagði svo: „Þá getum við ekki sett upp þessa sýningu. Þið getið ekki legið á ykkar einstaka efni svona lengi, þá getur enginn annar nýtt sér það.“

„Svona eru nú lögmál rannsókna,“ sagði Ágústa örugg með sig. „Þetta er tíminn sem til þarf og ég hef forgangsrétt að þessu rannsóknarefni.“

„Ég ræði þetta við forstöðumanninn hjá ykkur,“ urraði forstöðumaður safnsins í Bryggjuvík og skellti svo á. Gerðu það bara, hugsaði Ágústa, – ég veit hvernig hún svarar.

### Athugasemdir



### Útlit

Þegar Hermann var ráðinn nýr deildarstjóri sýningardeildar í haust leið hafði færst kraftur í dagskrána. Það átti bæði við um fræðilegar sýningar og um viðburði þar sem meiri áhersla var lögð á skemmtanagildið – og skiluðu betur í kassann. Flestir voru jákvæðir, en það heyrðust líka gagnrýnisráddir. Það væri eiginlega fullmikið líf og fjör í safninu. Ástríði, sem bar ábyrgð á þrifum og viðhaldi, fannst berir magar, tattú og göt á ýmsum stöðum alls óviðeigandi á unga sumarstarfsfólkinu. Um daginn mætti einn á stuttbuxum. Þau töluðu líka einum of mikið saman fyrir framan gestina og hefðu mátt læra betri mannsiði.

„Fólk verður vera í viðeigandi fötum þegar það er í vinnunni, og koma kurteislega fram,“ fannst henni. „Við hljótum að geta farið fram á það!“

### Athugasemdir

## DÆMISÖGUR SAFNMENN Á SAFNINU SÍNU

### Markmið og áætlanir

Marteinn var nýbyrjaður og sagðist hafa búist við að fá meiri upplýsingar um markmið safnsins og áform við ráðninguna. Eiríkur fornfræðingur staðfesti að Marteinn væri ekki einn um þessa upplifun. Eiríkur sagðist fá sínar upplýsingar frá eigin-konunni sem var fjármálastjóri safnsins. „Allt sem ég veit er það sem ég heyrir við kvöldverðarborðið heima, en María heyrir af flestu sem er í gangi.“

Hann hefði hins vegar aldrei séð stefnu eða markmið á blaði. Karen tók undir þetta og benti á að svona væri staðan líka í öryggismálum safnsins.

„Enginn veit hvað hann á að gera ef eitthvað hendir, það er ekki einusinni til neyðaráætlun til að styðjast við.“ „Má ekki leysa þetta með því að fræða gæslufólkið betur?“ benti einhver á.

„Getur Gestur ekki séð um þetta þegar hann á lausa stund?“ Gestur var gæslumaður sem hafði látið vita að hann gæti bætt á sig vinnu ákveðna daga í vikunni.

„Það er betra að hafa einhverja áætlun en enga. Líklega ágætt að Gestur taki þetta að sér.“

### Athugasemdir



### Vinafélagið

Öflugt vinafélag studdi safnið í bænum, en skoðanir um það voru skiptar meðal starfsmanna. Mörgum fannst vinafélagið vera mikilvægur bakhjarl fyrir safnið. Margir félagsmanna voru vel efnaðir, höfðu góðan tíma og sýndu safnstarfseminni mikinn áhuga. Þeir höfðu að vísu mestan áhuga á alþýðumunum í eigu safnsins og vildu helst gefa fé til kaupa á fleiri slíkum munum. „Þeir hafa verið gjafmildir og eftirlíkingar af þessum munum hafa selst vel í safnbúðinni.“

Þá tók deildarstjóri sýningardeildar til máls: „Þeir hafa aftur á móti minni áhuga á sýningunni sem við erum að undirbúa um götulist. Formaðurinn hringdi í mig í gær og sagði að vinafélagið ætlaði ekki að styrkja sýninguna.“

Og nú hafði vinafélagið einmitt beðið um herbergi í safninu fyrir starfsemi sína. „Það er svo sannarlega ekki rúmt um okkur hérna,“ hélt deildarstjórinn áfram. „Við höfum meira að segja neyðst til að þrengja verulega að okkur. Hvað skuldum við vinafélaginu eiginlega mikið?“

### Athugasemdir

### Hlunnindi

Starfsfólk safnsins var mætt í jólahlaðborð sem það greiddi sjálft fyrir. Enginn vorkenndi Báru sem sá um veitingastaðinn á safninu en var ekki með í veislunni. Nei, Bára skemmti sér örugglega vel á hlaðborðinu á Hótel KEA sem einn af birgjunum hafði boðið henni á vegna góðra viðskipta. Það var ekki laust við að sumir öfunduðust út í ókeypis jólahlaðborð, flug og gistingu. „Við hin þurfum að greiða fyrir þennan blessaða kvöldverð okkar,“ tautuðu nokkrir.

„Þið njótið nú líka góðra viðskiptasambanda,“ sagði fjármálastjórinn létt-móðgaður. „Nammið sem þið étið á aðventunni fékk ég hjá ljósmyndaversluninni, og þráðlausa símann fengum við í bónus frá tölvufyrirtækinu. Þeir kunna að meta góða viðskiptavini, og það er jú ég sem sé um að panta. Sáuð þið ekki fínu jólablómaskreytinguna frammi í móttöku?“

Fjármálastjórinn fann að rök hans höfðu komist til skila og sagði í sáttatón: „Ég hef ekki fulla yfirsýn yfir verðmæti allra þessara gjafa, en það er varla verulegt. Og bæði ég og fyrirtækin lítum svo á að starfsfólkið eigi þetta skilið.“

### Athugasemdir

### Safnbúðin

Starfsfólki í versluninni hefur verið kynnt sú ákvörðun að reka skyldi verslunina með hagnaði, en varningurinn ætti eftir sem áður að tengjast starfsemi safnsins. Ellen verslunarstjóri vill leggja áherslu á jólavertíðina – þá er yfirleitt hægt að treysta á sölu. Hún kaupir meðal annars rauðklædda og hvítskeggjaða jólasveina til að selja. Safnvörður munadeildar tekur eftir þessu, mætir pirraður niður í búð og stillir Ellen upp við vegg:

„Hvers vegna er verið að selja hér kókakóla-jólasveina? Hér á safninu erum við að fást við aldirnar áður en þessi jólasveinn varð til. Ef við ætlum að selja jólasveina, þá ættu þeir að minnsta kosti að vera þessir gömlu íslensku. Það á að vera samhengi milli þess sem við sýnum og þess sem við seljum.“

Ellen var með svar á reiðum höndum: „Safninu ber einnig að afla heimilda um menningu samtímans. Og ég verð að sjá til þess að verslunin skili hagnaði. Jólasveinarnir seljast vel.“

### Athugasemdir



**SIÐAREGLUR ICOM** eru til stuðnings í daglegu starfi safna víða um heim. Þær eru lágmarksviðmið um vinnubrögð og framgöngu safnmanna. Þar kemur einnig fram hvers almenningur getur vænst af starfsmönnum safna.

**ÍSLANDSDEILD ICOM** er landsnefnd innan vébanda ICOM, Alþjóðaráðs safna. Deildin stuðlar að alþjóðlegu samstarfi og faglegri þróun safna á Íslandi.

